

REGLUGERÐ**um breytingu á hafnarreglugerð fyrir Suðureyrarkauptún, nr. 74 18. maí 1948.****1. gr.**

Aftan við 32. grein komi ný grein, sem verður 33. grein, og breytist greinatala reglugerðarinnar því til samræmis, svo hljóðandi:

- a. Skip, sem heimilisföst eru á Suðureyri, undir 20 rúmlestum, greiði 25 krónur í ljósagjald á ári.
- b. Skip, sem heimilisföst eru á Suðureyri, yfir 20 lestir, greiði eina krónu á rúmlest til viðbótar því, sem segir í a-lið.
- c. Önnur skip greiði á tímabilinu 1. ágúst til 15. maí 10 aura af hverri nettórúmlest, þó aldrei yfir 100 krónur og sé innheimtan í samræmi við innheimtu lestagjalda.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 14. nóvember 1962.

Emil Jónsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

AUGLÝSING**um niðurfelling á gjaldskrá héraðslækna nr. 2/1933 með áorðnum breytingum.**

Samkvæmt ákvæðum læknaSKIPUNARLAGA nr. 16/1955, sbr. lög nr. 45/1962, hefur verið gerður samningur hinn 24. f. m. milli Tryggingastofnunar ríkisins og Læknafélags Íslands um greiðslur fyrir störf héraðslækna og aðstoðarlækna og staðgöngumannanna héraðslækna.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá héraðslækna nr. 2/1933 með áorðnum breytingum.

Heilbrigðismálaráðuneytið, 19. nóvember 1962.

Bjarni Benediktsson.

Baldur Möller.